

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{3}{4}$  félagsmanna samþykkr þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélaginu Lindin í Leirár- og Melahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á samþykktum nr. 80 10. apríl 1943, fyrir Sparisjóð Arnarneshrepps.**

## 1. gr.

2. gr. samþykktanna orðist svo:

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er varasjóður sparisjóðsins og aðrar eigur hans. Þá ábyrgist Arnarneshreppur skuldbindingar sparisjóðsins, allt að kr. 500 000.00, næst á eftir nefndum tryggingum.

## 2. gr.

7. gr. samþykktanna orðist svo:

Sparisjóðurinn tekur á móti innlánsfé og ávaxtar það. Hámark innlánsfjárhæðar er háð úrskurðarvaldi stjórnar sparisjóðsins. Vextir greiðast frá innleggsdegi og færast í viðskiptabækur um hver áramót.

Nýir innleggjendur fá löggilta viðskiptabók með númeri og nafni, þegar þeir byrja viðskipti. Þegar viðskiptum er lokið eða bók fullnotuð, ógildir stjórn sparisjóðsins hana. Heimilt er stjórninni að afhenda viðskiptamanni ógilta bók til eignar, enda liggja fyrir ósk viðskiptamannsins um það.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að neita að taka á móti innstæðufé, svo og að segja því upp til útborgunar, en það skal jafnan gert með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt. Hefur stjórn sparisjóðsins um þetta úrskurðarvald.

Innstæðufé á sparisjóðsbókum skal greiða þá er viðskiptabók er framvísað, og er það ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þó handhafi bókarinnar hafi ekki haft leyfi eiganda hennar, sbr. þó síðustu málsgrein 10. gr. laga nr. 69 1941.

Sparisjóðurinn er þó ekki skyldur að greiða hærri upphæð í einu en 5000 krónur, nema henni sé sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Framanritaðar breytingar, sem voru samþykktar samhljóða á fulltrúaráðs-fundi Sparisjóðs Arnarneshrepps 4. maí 1964, staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 23. febrúar 1965.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Yngvi Ólafsson.*

## G J A L D S K R Á

### Fiskræktarfélagssins Hvítá í Borgarfirði.

Gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða og aðila sem hér segir:

1. Einarsnes .....	9 ein.	33. Móhylur .....	1 ein.
2. Bóndhóll .....	118 —	34. Veiðifélag Þverár .....	490 —
3. Holt, Brennist., Lækjark. .	42 —	35. Veiðifélag Reykjadalársár ..	26 —
4. Ölvaldsstaðir .....	187 —	36. Veiðifélag Flóku .....	28 —
5. Hvanneyri .....	152 —	37. Svarthöfði .....	70 —
6. Ferjubakki II .....	54 —	38. Brenna .....	40 —
7. Ferjubakki III .....	50 —	39. Straumar .....	60 —
8. Ferjukot og Ferjubakki I .	366 —	40. Stafholtsey .....	1 —
9. Hvítárvellir I .....	168 —	41. Neðranes .....	1 —
10. Hvítárvellir II .....	159 —	42. Fossatún .....	5 —
11. Þingnes .....	125 —	43. Hestur .....	45 —
12. Hofsstaðir .....	37 —	44. Múlakot .....	12 —
13. Hvítárbakki .....	15 —	45. Mávahlíð .....	2 —
14. Stafholt (Hvítá) .....	60 —	46. Skálpastaðir .....	10 —
15. Melkot .....	30 —	47. Gröf I .....	1 —
16. Flóðatangi .....	30 —	48. Kistufell .....	2 —
17. Stafholt, Melkot, Flóðatangi (Norðurá) .....	50 —	49. Arnþórsholt .....	2 —
18. Svarfhóll .....	59 —	50. Gröf II .....	9 —
19. Veiðifélag Norðurár .....	330 —	51. Kross .....	1 —
20. Munaðarnes .....	15 —	52. Skarð .....	6 —
21. Haugar .....	20 —	53. Lundur .....	6 —
22. Hlöðutún .....	6 —	54. Lundarhólmi .....	10 —
23. Arnarholt .....	12 —	55. Snartarstaðir .....	1 —
24. Sólheimatunga .....	19 —	56. Gullberastaðir .....	12 —
25. Svignaskarð .....	10 —	57. Oddsstaðir I .....	1 —
26. Fróðhús .....	5 —	58. Oddsstaðir II .....	1 —
27. Gljúfurá .....	4 —	59. Hóll .....	2 —
28. Litlu-Skógar .....	3 —	60. Brautartunga .....	2 —
29. Stóru-Skógar .....	2 —	61. Tungufell .....	1 —
30. Tandrasel .....	3 —	62. Brenna .....	2 —
31. Sauðhússkógur .....	1 —	63. Iðunnarstaðir .....	2 —
32. Grísatunga .....	1 —	64. England .....	4 —
		65. Reykir .....	4 —